

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ellerts B. Schram um greiðslur úr lífeyrissjóðum og skattlagningu þeirra.

1. *Hversu margir einstaklingar fá greiðslur úr lífeyrissjóðum, hversu margir fá lægri greiðslur en 100 þús. kr. á mánuði og hverjar eru mánaðarlegar meðalgreiðslur á einstakling?*

Taflan hér á eftir sýnir fjölda og lífeyrisgreiðslur þeirra sem töldu fram greiðslur úr lífeyrissjóðum í reit 043 á skattframtali 2008 flokkað eftir upphæð greiðslu. Þar kemur fram að 42.728 manns töldu fram greiðslur úr lífeyrissjóðum og voru heildargreiðslur 46,3 milljarðar kr. Af þeim sem töldu fram greiðslur úr lífeyrissjóðum fengu 30.071 einstaklingur minna en 1,2 millj. kr. greiddar á árinu. Einnig koma fram í töflunni upplýsingar um mánaðarlegar meðalgreiðslur á einstakling.

Árlegar greiðslur úr lífeyrissjóðum í millj. kr.	0–1,2	1,2–2,4	2,4–3,6	3,6–4,8	4,8–6	>6	Samtals
Fjöldi þeirra sem töldu fram greiðslur frá lífeyrissjóðum á skattframtali 2008	30.071	8.130	2.749	964	251	563	42.728
Greiðslur úr lífeyrissjóðum í millj. kr. á skattframtali 2008	15.204	13.672	7.915	3.949	1.304	4.236	46.280
Meðalgreiðslur á mánuði	42.134	140.139	239.935	341.373	432.935	626.998	90.261

2. *Hverjar eru heildarskatttekjur af greiðslum úr lífeyrissjóðum og hverjar yrðu skatttekjurnar ef innheimtur yrði almennur tekjuskattur af þriðjungi hvernar greiðslu og 10% skattur af tveimur þriðju?*

Heildarskatttekjur af greiðslum úr lífeyrissjóðum álagningarárið 2008 voru 13.947 millj. kr. Ef innheimtur yrði almennur tekjuskattur af þriðjungi hvernar greiðslu og 10% skattur af tveimur þriðju væru skatttekjur 6.544 millj. kr. miðað við sama álagningarár.